

Fundargerð 106. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 14. apríl 2016, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,

Sigrún Árnadóttir,

Fjóla Hrund Björnsdóttir,

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.frkvstj. sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. Tilboð í fasteignir og kaupsamningar

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað varðandi kautilboð og kaupsamninga undir þessum lið.

a. Tilboð í eignir frá Íslenskum fasteignum

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð sem borist hefur frá Íslenskum fasteignum ehf. Stjórn ákvað að óska eftir framlengingu tilboðs Íslenskar fasteignir um allt að þrjár vikur til að fara yfir þau tilboð sem borist hafa ÞK og ræða við tilboðshafa í kjölfar auglýsinga.

b. Tilboð í Flugvallarbraut 937 frá Rsól slf fh. viðskiptavinar

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Rsól slf. í fasteignina að Flugvallarbraut 937. Stjórn hafnaði tilboðinu.

c. Lindarbraut 639 frá Húseign fasteignamiðlun (Baldvini Ómari Magnússyni) fh. umbjóðanda síns

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð sem barst í Lindarbraut 639. Stjórn tók tilboði Húseignar fasteignamiðlunnar.

d. Tilboð í Breiðbraut 674-675 frá Ásmundi Jónssyni

Stjórn hafnaði tilboðunum.

e. Tilboð í Breiðbraut 674 frá fasteignafélaginu Breiðbraut ehf

Stjórn hafnaði tilboðinu.

f. Tilboð í Bogatröð 1

FHB  
AMK  
JA

1. *frá Kristmundi Árnasyni fh. óstofnaðs félags*

Stjórn hafnaði tilboðinu.

2. *frá Humarsölunni ehf.*

Stjórn hafnaði tilboðinu.

3. *frá Yutong Eurobus ehf.*

Stjórn samþykkti tilboðið frá Yutong Eurobus ehf. í Bogatröð 1.

g. *Tilboð í Bogatröð 17 frá Sea Safari*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboðið frá Sea Safari í Bogatröð 17.

Stjórn samþykkti tilboðið frá Sea Safari.

h. *Tilboð í Skógarbraut 915, 917, 919 og 923 ásamt tilboði í Keilisbraut 748 frá Galdrasmiði ehf.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð frá Galdrasmiði ehf. í Keilisbraut 748 og Skógarbraut 915, 917 og 919.

Stjórn ákvað að fresta afgreiðslu þessa máls og fól framkvæmdastjóra að ræða við Galdrasmiði ehf.

i. *Tilboð í Keilisbraut 745 og Lindarbraut 636 frá Karli Mikla ehf.*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Karli Mikla.

Stjórn samþykkti að taka tilboðunum í báðar eignirnar frá Karli Mikla.

j. *Tilboð í Breiðbraut 674 frá Ístaki hf.*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboði frá Ístaki ehf.

Framkvæmdastjóra var falið að ganga frá málinu.

k. *Tilboð í Breiðbraut 668-669 668R, Breiðbraut 672, Breiðbraut 671, Skógarbraut 923, Breiðbraut 675 frá Þor fasteignafélagi.*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboðin frá Þor fasteignafélagi.

Stjórn hafnaði tilboðunum.

l. *Tilboð í Bogatröð 17 og Bogatröð 31 frá Kristinn Ólafur Jónsson*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð frá Kristni Ólafi Jónssyni í Bogatröð 17 og 31.

Stjórn hafnaði tilboðunum.

FHB  
JMK.  
JA

*m. Tilboð í eignir Íslandssjóðir og VÍB fh. óstofnaðs fagfjárfestastjóðs*

Framkvæmdastjóri fór yfir beiðni frá Íslandsbanka um aðkomu að viðræðum um sölu á fasteignum .

Stjórn samþykkti að veita Íslandsbanka tveggja vikna frest til að koma með tilboð til stjórnar vegna sölu fasteigna á Ásbrú.

*3. Keilir*

Framkvæmdastjóri fór yfir mál Keilis og undanfara þeirri beiðni Keilis sem nú er lögð fyrir stjórn.

Stjórn lagði til að skoða málið betur og í framhaldinu yrði tekin ákvörðun í samráði við fjármálaráðuneytið.

*4. Fluglestin.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn næstu skref í málefnum um fluglestina. Lagt er til að stofna til þróunarfélag til að halda utan um þá frumvinnu sem lögð hefur verið til og um þá vinnu sem framundan er. Þróunarfélagið hefur verið þátttakandi í þessu verkefni frá upphafi.

Ákvörðun í málinu var frestað til næsta fundar.

*5. Íslandsstofa - samningur*

Stjórn frestaði fyrirtöku þessa mál til næsta stjórnarfundar.


*6. Önnur mál*

*a. Nordic Networks.*

Stjórn frestaði fyrirtöku þessa máls til næsta stjórnarfundar.

Næsti stjórnarfundur áætlaður í byrjun maí nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.28



Fjola Hund Björnsdóttir